

Akreinamerki

Akreinamerkjum er ætlað að leiðbeina öikumönnum um hvernig akreinar liggja á akbraut. Ennfremur um hvaða akrein öikumenn skuli velja þegar komið er að vegamótum. Akreinamerki skal vera réttthyrndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar séu láréttar. Tákn skal vera hvítt á bláum fleti með hvítum jaðri.

Akreinamerki geta verið frábrugðin þeim merkjum sem sýnd eru ef aðstæður krefjast þess.

Helstu akreinamerki eru þessi:



Akreinamerki, akrein endar.

Merki þetta er notað þegar komið er að stað á akbraut þar sem vinstri akrein endar.



Akreinamerki, akrein endar.

Merki þetta er notað þegar komið er að stað á akbraut þar sem hægri akrein endar.



Akreinamerki, akrein endar.

Merki þetta er notað á þriggja akreina akbraut þegar komið er að stað þar sem akrein lengst til hægri endar.



Akreinamerki, akrein endar.

Merki þetta er notað þegar komið er að stað á akbraut þar sem akrein lengst til hægri endar.



Akreinamerki, akrein endar.

Merki þetta er notað á þriggja akreina akbraut þegar komið er að stað þar sem akrein lengst til vinstri endar.



Akreinamerki, samruni akreina.

Merki þetta er notað þegar komið er að stað á akbraut þar sem aðrein sameinast hægri akrein.



Akreinamerki, samruni akreina.

Merki þetta er notað þegar komið er að stað á akbraut þar sem aðrein sameinast akrein.



Akreinamerki.

Merki þetta er notað þegar komið er að stað á akbraut þar sem akrein lengst til hægri er fyrir aðkomandi umferð.



Akreinar við vegamót.

Merki þessi eru notað áður en komið er að vegamótum til leiðbeiningar ökumönnum um hvaða akrein þeir skuli velja.



Akreinamerki.

Merki þetta er notað til að sýna fjölda akreina á akbraut og akstursstefnu á hverri akrein.



Akreinamerki.

Merki þetta er notað til að sýna fjölda akreina á akbraut og akstursstefnu á hverri akrein.



Akreinamerki.

Merki þetta er notað til að sýna fjölda akreina á akbraut, akstursstefnu á hverri akrein og sérstök ákvæði um leyfða umferð.




Akreinamerki.

Merki þetta er notað til að sýna fjölda akreina á akbraut, akstursstefnu á hverri akrein og sérstakar leiðbeiningar um eðli umferðar.



Akreinamerki.

Merki þetta er notað við akrein til að sýna fjölda akreina á vegi sem ekið er inná.



Akreinamerki.

Merki þessi eru sett yfir akbraut til leiðbeiningar ökumönnum um hvaða akrein þeir skuli velja.